

Stjórnarfundur VG – 10. apríl 2015 kl. 15.00

Mætt; Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Líf Magneudóttir, Katrín Jakobsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Svandís Svavarsdóttir, Hlynur Hallsson (í síma), Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (í síma), Sóley Björk Stefánsdóttir (í síma), áheyrnarfulltrúi EVG Þóra Elfa Björnsson, áheyrnarfulltrúi UVG Hulda Hólmkelsdóttir. Að hálfu starfsmanna; Daníel Haukur Árnason og Lísía Kristjánsdóttir.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og hún samþykkt athugasemdalaust

2. Staða Stjórnmalanna

Kl. 15.10 tekur Hildur Traustadóttir sæti á fundinum.

Svandís Svavarsdóttir þingflokksformaður fer yfir stöðu mála í þinginu.

Kl. 15.40 víkur Sóley Tómasdóttir af fundi.

3. Dagskráin framundan

Sumarferð; Dagsferð í Þjórsárdal 22. ágúst

Flokksráðsfundur; 12. september, hefðbundin einsdagsfundur

Kl. 16.00 víkur Sóley Björk Stefánsdóttir af fundi.

Norræn Stjórnmalahátíð í Vatnsmýrinni 11-13 júní; er í fullum undirbúningi. Söngskemmtun, málþing og myndlist.

4. Staða málefnastarfs fyrir landsfund

Rætt um fyrirkomulag málefnastarfs fyrir landsfund og tímalínu í þeirri vinnu. Daníel Haukur Arnarsson og Lísía Kristjánsdóttir eru fulltrúar Vinstri Grænna í undirbúningi þessarrar vinnu.

5. Önnur mál

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir lagði fram ósk um að verða leyst frá skyldum sem fulltrúi í stjórn flokksins. Stjórn þakkaði Guðrúnu Ágústu fyrir vel unnin störf á liðnum árum og óskaði henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Starfsmenn skrifstofu hreyfingarinnar halda áfram að vera í sambandi og eftir atvikum funda með nýjum formönnum / stjórnnum svæðisfélaga.

Fundi slitið 16.25